

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65 gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968 hefir eftirfarandi verið ákveðið:

Bifreiðastöður verða bannaðar við Ármúla að suðaustanverðu á kaflanum frá Háaleitisbraut að Hallarmúla.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 3. desember 1970.

Sigurjón Sigurðsson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 1968 hefir verið ákveðið að takmarka fyrst um sinn hámarkshraða á Vesturlandsvegi austur fyrir Úlfarsá við 60 km miðað við klukkustund vegna hættu, er stafar af vegagerðarframkvæmdum.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 3. desember 1970.

Sigurjón Sigurðsson.